



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 19. febrúar 2016

Ákvörðun nr. 6/2016

Samruni Icepharma hf. og Yggdrasils ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi dags. 13. janúar 2016 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Icepharma hf. á öllu hlutafé Yggdrasils ehf. Bréfinu fylgdi samrunaskrá sem var í samræmi við ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, sbr. síðari breytingar. Um var að ræða svokallaða styttri samrunaskrá í samræmi við 6. og 7. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur nr. 684/2008. Byrjuðu lögbundnir frestir að líða 18. janúar, sbr. bréf Samkeppniseftirlitsins dags. 25. janúar 2016. Samkeppniseftirlitið óskaði einnig eftir tilteknum upplýsingum sem bárust þann 27. janúar 2016.

Mál þetta hefur sætt rannsókn Samkeppniseftirlitsins. Samkeppniseftirlitið hefur aflað sjónarmiða frá ýmsum aðilum sem kunna að hafa hagsmuni af samrunanum. Hefur eftirlitið aflað upplýsinga og átt samtöl við fulltrúa aðila á markaðnum. Þá hefur Samkeppniseftirlitið jafnframt aflað upplýsinga frá embætti tollstjóra um innflutning á barnamat og fæðubótaefnum. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur þær upplýsingar og sjónarmið skipta máli fyrir athugun þessa máls verður þeirra getið.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Hér á eftir verður samrunanum lýst nánar.

Fram kemur í samrunaskrá að samruninn feli í sér kaup Icepharma hf. á öllu hlutafé í Yggdrasil ehf. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela umrædd kaup í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga enda eru veltuskilyrði ákvæðisins uppfyllt. Samrunaaðilar starfa á sama sölustigi við sölu á vöru og þjónustu og telst samruninn af þeim sökum láréttur.

Í samrunaskrá kemur fram að Icepharma skilgreini hlutverk sitt sem sölu- og markaðsfyrirtæki sem selur lyf, hjúkrunarvörur, lækningatæki, heilsutengdar neytendavörur og íþróttavörur. Þ.á.m. selji fyrirtækið lífrænan barnamat í heildsölu. Fyrirtækið geri annars vegar samninga við birgja um að annast starfsemi þeirra á Íslandi



og hins vegar við kaupendur um vöruval, verð og afslætti. Icepharma sjái um að sækja um markaðsleyfi fyrir hönd lyfjabirgja og annist dagleg samskipti við Lyfjastofnun vegna þeirra lyfja sem hér séu á markaði. Markaðsfyrirtæki á borð við Icepharma geti valið um að sjá alfarið um vörustjórnun sjálf eða úthýsa dreifingu og annarri vörustjórnun til sérhæfðra vörustjórnunarfirmatækja. Hefur Icepharma kosið að úthýsa þeim þætti starfseminnar til systurfélags þess, Parlogis.

Fjallað var um samruna Icepharma og Parlogis í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 29/2010, *Kaup Lyfjaþjónustunnar ehf. á Parlogis ehf.* Þar segir að Parlogis sé vörustjórnunarfirmatæki sem hafi sérhæft sig í að þjónusta firmatæki á heilbrigðismarkaði. Parlogis bjóði viðskiptavinum sínum upp á þjónustu við birgðastýringu, innkaup, innflutning, lagerhald, móttöku pantana, tiltekt vörunnar og dreifingu, reikningagerð og innheimtu. Misjafnt sé hversu víðtæka þjónustu viðskiptavinir firmatækisins kaupir. Firmatækið hafi sérhæft sig í vörustjórnun fyrir heilbrigðisstofnanir, lyfjafirmatæki og sérvörslanir með heilsutengdar vörur.

Samkvæmt samrunaskrá starfar Yggdrasill sem heildsala og sérhæfir sig í að flytja inn, dreifa og kynna lífrænar vörur, þ.e. matvörur, heilsuvörur (fæðubótaefni) og sérvörur (lífrænar snyrtivörur). Viðskiptavinir Yggdrasils séu flestar verslunarkeðjur, matvöruverslanir og apótek á landinu. Einnig eru veitingastaðir, hótél, ferðamannastaðir og mótuneyti meðal viðskiptavina firmatækisins.

Í samrunaskrá kemur fram að Yggdrasill hafi verið stofnaður árið 1986. Í janúar 2011 hafi heildsöluhluti Yggdrasils sameinast heildsöluhluti Biovörur undir nafni Yggdrasils en frá Biovörum hafi komið m.a. vörumerkin NOW og Himnesk Hollusta. Á sama tíma sameinaðist verslunin Yggdrasill veitingastaða- og smásölukeðjunni Maður Lifandi, síðar Lifandi markaður. Samkvæmt samrunaskrá hefur Yggdrasill það að markmiði að stuðla að góðri heilsu og vellíðan, auka sjálfbærni og skapa verðmæti. Þá hvetji firmatækið einnig til siðrænnar neyslu og sjálfbærrar þróunar.

Í samrunaskrá kemur fram að starfsemi samrunaaðila skarist aðeins að hluta. Að mati samrunaaðila eru þeir markaðir sem samruninn snertir dagvörumarkaður og undirmarkaðir hans, þ.e. heilsuvörumarkaður (markaður fyrir fæðubótaefni) og sérvörumarkaður (markaður fyrir hreinlætis og snyrtivörur).

Í máli þessu liggur fyrir að helsta skörun á starfsemi samrunaaðila er við innflutning, heildsölu og dreifingu á barnamat, fæðubótaefnum og hreinlætis- og snyrtivörum. Samkeppniseftirlitið telur að heildsölu á dagvörum megi eftir atvikum skipta í marga undirmarkaði. Þá geta vörur sem hafa að verulegu leyti sömu eiginleika tilheyrt ólíkum mörkuðum ef mikill verðmunur er á milli þeirra. Samkeppniseftirlitið telur að fyrir úrlausn þessa máls sé óþarfi að taka endanlega afstöðu til staðgöngu á milli þeirra vörutegunda sem samrunaaðilar selja og þar með þeirra markaða sem þeir starfa á.

III.

Niðurstaða

Að mati samrunaaðila leiðir samruninn ekki til aukinnar samþjöppunar þar sem firmatækin hafi óverulega skörun í vöruvali og lága markaðshlutdeild í sterkustu vöruflokkunum sem þau bjóða á dagvörumarkaði. Telja samrunaaðilar að útreiknaður HHI stuðull fyrir



markað fæðubótaefna, markað sérvöru og markað matvara á dagvörumarkaðinum falli vel undir þau mörk sem teljist varhugaverð eða til skaða fyrir neytendur.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verlegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Í þeim tilgangi að fá skýrari mynd af hlutdeild samrunaaðila á markaði óskaði Samkeppniseftirlitið eftir gögnum frá tollstjóraembættinu um innflutning í tilteknum tollskrárnúmerum. Eftir skoðun þeirra gagna telur Samkeppniseftirlitið ljóst að samruninn mun aðeins leiða til lítillar aukningar á hlutdeild í þeim vörflokkum sem samrunaaðilar hafa báðir sinnt innflutningi á. Þannig er sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila á þeim mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gætir ekki það há að hún veiti vísbendingar um að samruninn hindri virka samkeppni. Athugun þessa máls leiðir ekki til þess að aðgangshindranir á viðkomandi mörkuðum séu til staðar sem hafi áhrif á niðurstöðu þess.

Að undangenginni athugun og með vísan til alls framangreinds er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruni Icepharma og Yggdrasils muni ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Það er því mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar í tengslum við þennan samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

IV.

Ákvörðunarorð

„Kaup Icepharma hf. á Yggdrasil ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson